

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 — 1969

13. janúar 1969.

33

Nr. 26.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Kópavogskaupstað nr. 85 30. maí 1962.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 56. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bæjarstjórn getur heimilað, að veitingastaðir verði opnir á tímabilinu frá kl. 23.30 til kl. 6.00 að morgni í samráði við lögreglustjóra.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogs hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. janúar 1969.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

7. febrúar 1969.

Nr. 27.

A U G L Ý S I N G

um að lög nr. 29, 7. apríl 1956 um atvinnuleysistryggingar,
skuli taka til Mosfellshrepps í Kjósarsýslu.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 29/1956 um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðherra ákveður að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Mosfellshrepps í Kjósarsýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 7. febrúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

B 5